

**87. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,  
3. september 2020 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingbór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fundargerð ritaði:** Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fyrir tekið:**

**1. 1908220 - Staða verkefna á Byggðasafninu í Görðum 2019 og 2020**

Forstöðumaður kynnir stöðu verkefna á Byggðasafni.

*Nefndin tók vel í tillögu forstöðumanns um breyttar áherslur í starfsemi og breyttan opnunartíma. Forstöðumanni er falið að taka saman fjárhagslegar upplýsingar. Nefndin er ánægð að heyra að hljóðleiðsögn um nýja grunnsýningu er nú komin í gagnið og hvetur bæjarbúa og sveitunga til að sækja safnið heim fyrir 15. september.*

**2. 2004224 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19 - Menningarmál**

Forstöðumaður kynnir stöðu á styrkveitingum og leggur fram tvær óafgreiddar styrkumsóknir.

*Forstöðumanni falið að ganga frá styrkveitingum samkvæmt ákvörðun nefndarinnar.*

**3. 2006215 - Útilistaverk - miðlun**

Forstöðumaður kynnir hugmynd varðandi miðlun.

*Nefndi þakkar fyrir innsenda hugmynd. Hugmyndin er hins vegar ekki í takti við áherslur nefndarinnar á þessum tímavarki.*

**4. 2006066 - Sýning á listaverkum í Vitanum**

Forstöðumaður leggur fram innkomið erindi.

*Nefndi þakkar fyrir erindið. Hugmyndin samræmist hins vegar ekki áherslum nefndarinnar á þessum tímavarki.*

**5. 1910065 - Jólagleði í Garðalundi**

Forstöðumaður leggur fram nýgerðan samning sem gildir til loka árs 2022.

*Nefndin lýsir ánægju með að þetta góða verkefni muni halda áfram og sé búið að festa sig í sessi.*

**6. 2009010 - Málefni Bíóhallarinnar 2020-2023**

Ísólfur Haraldsson hjá Vinum hallarinnar tekur sæti á fundinum. Forstöðumaður stýrir umræðum um málefni Bíóhallarinnar.

*Nefndin þakkar Ísólfi komuna á fundinn og fyrir upplýsandi og góðar umræður. Nefndin leggur áherslu á að Bíóhöllin fái viðeigandi viðhald í samræmi við fyrirbyggjandi ástandsskýrslu frá 2019.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.**

Helga Kristín Björgólfsd.

Ólafur Páll Gunnarsson  
Ingbór B. Þórhallsson  
Guðríður Sigurjónsdóttir  
Jónella Sigurjónsdóttir  
Guðmundur Claxton

Ella M. Gunnarsd.